

Fundargerð háskólaráðs
357. fundur miðvikudaginn 8. apríl 2015
í fundaherbergi F 210 kl. 13.13 – 13.30

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13.13.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Rektor kynnti dagskrá en fundurinn er óformlegur.

1. Tilnefning fulltrúa í háskólaráð
1404021

Menntamálaráðherra hefur formlega tilnefnt Jens Garðar Helgason sem aðalfulltrúa sinn í háskólaráð.

Háskólaráð þarf að tilnefna tvo fulltrúa í ráðið skv. lögum og reglum. Málið verður á dagskrá næsta háskólaráðsfundur 22. apríl kl. 13-15.

Stefnt er að fyrsta fullskipuðum fundi háskólaráðs í fyrri hluta maí. Annar fundur verður í byrjun júní með framkvæmdastjórn. Háskólaráð mun svo hittast að loknu sumarleyfi í byrjun ágúst.

2. Fjöldatakmörkunir við heilbrigðisvísindasvið
1504014

Háskólaráð samþykkti beiðni um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám í hjúkrunarfræði við heilbrigðisvísindasvið HA á vormisseri 2016. Alls geta 50 nemendur hafið námið þá.

Fleira var ekki gert, fundi slitið kl. 13.30.